



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2.4.2020
Tilvísun: 202003-0026

Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Frumvarpið varðar félagslegan viðbótarstuðning til aldraðra sem búsettir eru hér á landi og hafa enginn eða mjög takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum vegna stuttrar búsetu hér á landi. Hér er um viðkvæman hópa aldraðra að ræða sem er í hvað mestri hættu á að búa við fátækt.

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að tryggja með lögum þeim hópi sem hér um ræðir rétt til öruggrar framfærslu á efri árum og fagnar frumvarpi þess efnis. ASÍ gerir hins vegar athugasemdir við að hin félagslegi viðbótarstuðningur skuli skv. 3. gr. frumvarpsins miðast við 90% af fullum ellilífeyrir almannatrygginga sem er í dag 256.789 kr. á mánuði. Ljóst er að möguleikar þeirra einstaklinga sem um ræðir til að afla sér viðbótarstekna eru verulega takmarkaðir, eignartakmarkanir miklar og heildartekjur viðkomandi því mjög lágar í öllum samanburði. ASÍ telur því rétt að miða hinn félagslega viðbótarstuðning við fullan ellilífeyrir almannatrygginga og gæta þar með samræmis í framfærslutryggingu eldri borgara sem búsettir eru hér á landi.

Þá bendir ASÍ á að ekki er gert ráð fyrir að fjárhæðir frítekju- og eignarmarkna í 5. og 7 gr. frumvarpsins taki breytingum í samræmi við þróun launa og verðlags en mikilvægt er að tryggja að frítekjumörk almannatrygginga rýrni ekki að raunvirði og dragi þannig úr kaupmætti lífeyristrygginga.

Þá gerir ASÍ athugasemd við ákvæði um að stuðningurinn nái ekki til einstaklinga sem fá dvalarleyfi hér á landi á grundvelli fjölskyldusameiningar í þeim tilvikum þar sem sá aðili sem óskað var sameiningar við ábyrgðist framfærslu viðkomandi. ASÍ telur rétt að hverjum einstaklingi sé tryggður sjálfstæður réttur til framfærslu á eigin forsendum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. apríl 2020

Efni: Umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) varðandi mál nr. 666 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða

Markmið frumvarpsins er að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum. Um viðkvæman hóp aldraðra er að ræða sem er í mikilli hættu á að búa við fátækt.

Stjórn FEB styður frumvarpið heilshugar og leggur mikla áherslu á að það verði afgreitt á yfirstandandi þingi og að það muni taka gildi ekki síðar en í sumar.

F.h. stjórnar FEB

Dýrleif Guðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri



Stangarhyl 4, 110 Reykjavík
Sími: 588 2111
www.feb.is
dvrleif@feb.is

Félagsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Félagsmálaráðuneytið**
Dagsetning: **14.04.2020**
Málsnúmer: **FRN19060027**
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða

Með tölvubréfi, dags. 13. apríl 2020, óskaði velferðarnefnd eftir minnisblaði frá félagsmálaráðuneytinu með afstöðu ráðuneytisins til umsagna sem borist hafa vegna máls nr. 666, um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

Á heimasíðu Alþingis eru nú birtar ellefu umsagnir um frumvarpið, frá Alþýðusambandi Íslands, Félagi eldri borgara í Reykjavík, félagsvísindasviði Háskóla Íslands, Landssambandi eldri borgara, Ríkisskattstjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélaginu Árborg, Tryggingastofnun ríkisins, velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þjóðskrá Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Þá hafa borist tvær bókanir, frá starfshóp um líf skjör og aðbúnað aldraðra og frá samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Umsagnirnar og bókanirnar eru að mestu leyti jákvæðar og telja þeir sem tjá sig um málið að um sé að ræða mjög jákvætt skref í því skyni að styðja mjög viðkvæman hóp sem er í hvað mestri hættu að búa við fátækt. Þær athugasemdir sem gerðar eru lúta að mestu leyti að sömu eða svipuðum atriðum. Hér á eftir er farið yfir helstu athugasemdir sem varða það sem einstakir aðilar telja að bæta þurfi úr eða þarfnist nánari skoðunar.

1. Fjöldi þeirra er geta fengið viðbótarstuðning, 2. gr.

Bent er á að ekki sé unnt að áætla með mikilli nákvæmni hversu margir einstaklingar falli undir afmörkun frumvarpsins, sbr. 2. gr. eða hver þróunin muni verða á næstu árum. Nokkrir benda á að búast megi við að þeim einstaklingum muni fjölga sem búa hér á landi án þess að hafa áunnið sér réttindi hjá almannatryggingum eða í lífeyrissjóðakerfinu. Félagsmálaráðuneytið tekur undir það en bendir á sama tíma á að það fellur ekki undir málefnasvið ráðuneytisins hverjir og með hvaða skilyrðum fólk getur flust til landsins og sest hér að.

2. Afmörkun þess hóps er frumvarpið tekur til, 2. gr.

Markmiðið er, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að styrkja framfærslu aldraðra sem búsettir eru hér á landi. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er meginskilyrðið þrjúþætt, þ.e. skráð lögheimili, föst búseta og varanleg dvöl á Íslandi. Skráð lögheimili er því ekki nóg, enda geta einstaklingar verið hér með skráð lögheimili en þó dvalið langdvölum erlendis, eins og Þjóðskrá bendir á í umsögn sinni. Á það jafnt við um íslenska sem erlenda ríkisborgara.

Allir sem geta sest að hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga geta fallið undir frumvarpið.

Með lögum um útlendinga hefur löggjafinn ákveðið hvaða erlendir ríkisborgarar geta sest að hér á landi og með hvaða skilyrðum. Um er að ræða nokkra flokka dvalarleyfa eins og þar er lýst.

Í umsögnum um frumvarp þetta er annars vegar gerð athugasemd við það að þegar um erlendana ríkisborgara sé að ræða þurfi hann að hafa ótímabundið dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þetta skilyrði þykir hins vegar vera í samræmi

við meginmarkmið frumvarpsins sem fram kemur í 1. gr., þ.e. að þegar um erlenda ríkisborgara sé að ræða hafi þeir þau tengsl við landið að þeir hafi fengið varanlegt dvalarleyfi hér í samræmi við lög um útlendinga. Skilyrðið þykir einnig til þess fallið að koma til móts við áhyggjur af því að ótryggðir einstaklingar muni sækjast eftir búsetu hér á landi í því skyni að fá tryggja framfærslu samkvæmt lögum hér á landi, verði frumvarpið að lögum. Bent skal á að í 3. mgr. ákvæðisins er opnað á að heimilt sé að víkja frá skilyrðinu þegar um sérstakar eða breyttar ófyrirséðar aðstæður er að ræða. Ótímabundin dvalarleyfi er veitt á grundvelli 58. gr. laga um útlendinga.

Hins vegar eru gerðar athugasemdir við að frumvarpið gildi ekki um þá sem hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar og þegar sá sem óskaði eftir sameiningunni ábyrgðist framfærsluna. Hér kemur einkum til álitu dvalarleyfi fyrir foreldra, sbr. 72. gr. laga um útlendinga. Sömu rök eiga við hér og að framan segir. Bent skal á að löggjafinn hefur sett tiltekin skilyrði fyrir því að útlendingum eldri en 67 ára verði veitt dvalarleyfi hér á landi. Ennfremur er rétt að taka fram að með þessu frumvarpi eru ekki lagðar til breytingar á túlkun eða framkvæmd sveitarfélaga á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hvað varðar fjárhagslegan stuðning. Þá ber að hafa í huga að takmarkaðir fjármunir eru ætlaðir til þessa úrræðis samkvæmt fjárlögum.

3. Fjárhæð félagslegs viðbótarstuðnings, 3. gr.

Lagt er til í 3. gr. frumvarpsins að hámarksfjárhæð stuðningsins nemi 90% af fjárhæð fulls ellilífeyris almannatrygginga auk 90% af heimilisuppbót þegar það á við. Fram kemur í nokkrum umsögnum að fjárhæðin ætti að vera jafnhá og fullur ellilífeyrir og heimilisuppbót ef við á. Þessi grein frumvarpsins byggir á skýrslu og tillögu starfshóps um kjör aldraðra. Afstaða félagsmálaráðuneytisins er að ekki sé rétt að leggja til að greiðslur til þeirra sem hafa jafnvel aldrei búið hér á landi fyrir 67 ára aldur og sem hafa því ekki áunnið sér rétt í almannatryggingakerfinu verði jafnháar ellilífeyri til þeirra sem hafa búið hér á landi í 40 ár fyrir 67 ára aldur. Er viðbúið að þeir sem hafi áunnið sér full réttindi í almannatryggingakerfinu muni telja ósanngjarnt að þeir sem engin réttindi hafa áunnið sér fái jafnháar greiðslur og var höfð hliðsjón af því við gerð frumvarpsins. Þá er ítrekað að fjármunir til málaflokksins eru takmarkaðir samkvæmt fjárlögum.

4. Peningalegar eignir og viðmið, 7. gr.

Um er að ræða sömu viðmið og gilda við mat á þörf fyrir uppbætur á lífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Að mati ráðuneytisins ætti ekki að hafa rýmra viðmið þegar um er að ræða félagslegan viðbótarstuðning en gildir um lífeyrisþega í almannatryggingum.

5. Fjárhæðir taki breytingum í samræmi við þróun launa/verðlags, 5. og 7. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er það í höndum Alþingis að ákveða útgjöld til málaflokksins sbr. 16. gr. frumvarpsins og þar með einnig hvort eða hvenær skuli breyta fjárhæðum. Í frumvarpinu er því ekki lögð til sjálfkrafa tenging við þróun launa eða verðlags. Í þessu sambandi skal þó tekið fram að fjárhæð viðbótarstuðningsins sjálfs fylgir breytingum á fjárhæð ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar og breytingum á heimilisuppbót þegar það á við samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

6. Sett verði viðmiðunartímamark lausafjárstöðu, 7. gr.

Í frumvarpinu er ekki lagt til að byggja skuli á lausafjárstöðu á tilteknum tímamarki heldur að miða skuli við nýjustu upplýsingar á hverjum tíma, sbr. 6. gr. Upplýsingagiöf umsækjanda er hér mjög mikilvæg og er gert ráð fyrir að hann leggi fram gögn um lausafjárstöðu sína. Verði breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem nema meira en 10% af áður reiknaðri fjárhæð stuðningsins verður ný fjárhæð ákvörðuð, sbr. 3. mgr. 6. gr. Tekið skal fram vegna athugasemda um tekjuáætlanir og endurreikning að frumvarpið byggir ekki á sama fyrirkomulagi og lög um almannatryggingar, m.a. hvað varðar endurreikning og uppgjör bóta

þegar endanlegar upplýsingar um tekjur liggja fyrir.

7. Upplýsingaöflun og persónuvernd, 12. gr.

Fjallað er um breytingar á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018. Í því sambandi skal tekið fram að í 3.-4. mgr. 46. gr. laga um almannatryggingar er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga, og skal hún vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Var almannatryggingalögunum breytt í tengslum við gildistöku þeirra laga. Þá er tekið fram í 15. gr. frumvarpsins að ákvæði V. kafla laga um almannatryggingar (37. gr. – 46. gr.) gildi eftir því sem við á.

8. Endurkröfur vegna rangrar upplýsingagjafar, 10. gr.

Fram kemur að til þess að unnt sé að endurkrefja um ofgreiddan viðbótarstuðning þurfi sterkari lagastoð en fram kemur í 10. gr. frumvarpsins en þar segir að hafi greiðsla viðbótarstuðnings átt sér stað án þess að skilyrðum laganna sé fullnægt skuli endurkrefja um hina ofgreiddu fjárhæð. Í athugasemdinni er vísað til 6. gr. í því sambandi þar sem kveðið er á um að verði breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem nemi að lágmarki 10% fjárhæðarinnar skuli ný fjárhæð ákvörðuð í næsta mánuði. Þetta getur verið hvort heldur sem er til hækkunar eða lækkunar. Ef um er að ræða breytingar sem leiða til lækkunar er ekki gert ráð fyrir endurkröfu, heldur að fjárhæð viðbótarstuðningsins skuli þá endurákvörðuð og lækkuð. Þetta ákvæði fjallar um breytingar á aðstæðum eða tekjum, ekki ranga upplýsingagjöf.

9. Gildistaka, 19. gr.

Tryggingastofnun bendir á að verði frumvarpið samþykkt og gert ráð fyrir gildistöku 1. júlí nk. sé það frekar stuttur undirbúningstími. Telur stofnunin nauðsynlegt að taka fram í lögunum hvenær þau komi til framkvæmda og að þá yrði greitt afturvirk. Telur ráðuneytið þá tillögu ágæta að lögin komi til framkvæmda síðar með afturvirkum greiðslum ef ekki næst að undirbúa framkvæmd breytinganna fyrir 1. júlí nk.

Aðrar athugasemdir varða m.a. fullnýtingu réttinda, tekjur sem komi til frádráttar og upplýsingar um tekjur, dvöl hér á landi og erlendis og eftirlit, umsóknir í eigin persónu eða á annan hátt. Ekki þykir tilefni til að fjalla sérstaklega um þær hér. Einnig skal á það bent að í frumvarpinu er kveðið á um félagslegan viðbótarstuðning fyrir aldraða, þ.e. þá sem eru 67 ára og eldri, en ekki aðra hópa.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 50. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 1130 — 666. mál.

Leitað var sjónarmiða um frumvarpið hjá Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Umsögn fræðasviðsins, sem undirbúin var af Sigurveigu H. Sigurðardóttur, dósent, fylgir.

Virðingarfyllt,
f.h. háskólarektors,

Pétur Ástvaldsson

Alþingi
Nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. apríl 2020.

Efni: Umsögn Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Lögunum er ætlað að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum vegna stuttrar búsetu hér á landi. Er þar einkum átt við aldraða erlenda ríkisborgara og íslenska ríkisborgara sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Þessir hópar eru taldir vera í hvað mestri hættu á að lifa í fátækt og er því fagnað að nú skuli með lagasetningu lögð áhersla á að bæta hag þeirra.

Spyrja má hvort ekki væri rétt að heimila fullan ellilífeyri almannatrygginga í stað 90% eins og segir í frumvarpinu. Sama á við um heimilisuppbót sem greidd er þeim sem búa einir. Það myndi tryggja þessum hópum þá lágmarks framfærslu sem ætluð er öðrum eldri borgurum landsins.

Í frumvarpinu eru ítarlegar reglur um önnur réttindi, frítekjumark og áhrif annarra tekna á greiðslur viðbótarstuðnings. Þess þarf að gæta að þessar upphæðir fylgi breytingum á verðlagi.

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands vill sérstaklega gera athugasemd við síðustu málsgrein 2. greinar laganna, en þar stendur:

“Fjölskyldumeðlimir sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar falla ekki undir lögina hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við hér á landi ábyrgst framfærslu þeirra. Sama á við hafi annar aðili sem deilir heimili með viðkomandi ábyrgst framfærslu hans”.

Frá því að Framfærslulög frá 1947 voru numin úr gildi árið 1991 eru engin ákvæði í lögum hér á landi þess efnis að börn eða aðrir ættingar eigi að tryggja framfærslu aldraðra aðstandenda sinna. Það er því ekki við hæfi að ætlast til að fjölskyldur erlendra eldri borgara sjái þeim farborða um ókomin ár. Það rýrir einnig möguleika eldra fólks á að lifa sjálfstæðu lífi óháð framfærslu ættingja sinna. Í lögum um málefni aldraðra segir *“að við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur”*. Þetta ákvæði á einnig við um aldraða erlenda ríkisborgara.

Virðingarfyllt,

f.h. Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands,

Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent.

Nefndasvið Alþingis

22. mars 2020

Austurstræti

Hér kemur umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning mál. 666.

Aðkoma Landssambands eldri borgara að þessu máli leiðir til þessarar umsagnar:

Við hjá Landssambandi eldri borgara höfum í mörg ár orðið vör við að sá hópur eldra fólks sem hefur búið erlendis hluta ævi sinnar og öðlast lítinn eða engan rétt til lífeyris frá því landi eða löndum hefur átt mjög erfiða tíma á Íslandi. Þetta fólk er jafnt íslendingar og innflutt fólk/nýbúar sem er komið á íslenskan lífeyri sem er þá verulega skertur sökum tímalengdar veru á Íslandi fram að lífeyristöku. Nokkuð algengt er að fólk eigi hluta framfærslu bæði í almannatryggingum eða úr lífeyrissjóði. Þannig myndast gat til að geta framfleytt sér.

Árum saman hefur verið bent á að hér þurfi að hugsa upp á nýtt og er það gert með þessu frumvarpi til laga sem hér er.

Því fagnar LEB framkomnu frumvarpi og skorar á Velferðarnefnd Alþingis að hraða málinu því fólk getur ekki búið við þetta ástand sem nú er á svo skertri framfærslu. Því þarf að vinna hratt.

Fyrir hönd Landssambands eldri borgara

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 16. apríl 2020
Erindi 202003345/50.13 uvi

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar við frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666 mál.

Bæjarráð Mosfellsbæjar, 1439. fundur 16. apríl 2020 fjallaði um beiðni velferðarnefndar Alþingis um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða. Umsögn Mosfellsbæjar er eftirfarandi:

Bæjarráð Mosfellsbæjar telur markmið með setningu laganna mjög jákvætt, sem er að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru á Íslandi og eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum.

Athugasemd er gerð við ákvæði 4.mgr. 2. gr. þess efnis að undanskilja þann hóp aldraðra sem hefur fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Í því sambandi er tekið er undir sjónarmið í umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar frá 6.apríl 2020¹, þar sem vísað er til þess að börnum einstaklinga sem eru eru 67 ára og eldri sem sækja um fjölskyldusameiningu sé heimilt að leggja fram gögn sem sýni fram á tryggja framfærslu umsækjanda. Tilgreind eru í umsögninni dæmi um að foreldrar einstaklinga sem einungis hafa fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg hafi fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Þegar á reynir kemur í ljós að framfærsluaðstoð sveitarfélagsins til barns viðkomandi nægir ekki til að framfleyta þeim sem aðstoðina fær auk öldruðum foreldrum. Þar af leiðir að foreldri sem fengið hefur dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar sækir um fjárhagsaðstoð og nýtur hennar um ókomin ár, nokkuð sem er í berhöggi við eðli fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga sem er ætluð er til skamms tíma.

Ennfremur er ástæða til að gera athugasemd við ákvæði 3. gr. um að viðbótarstuðningur geti einungis numið 90% af fjárhæð ellilífeyris en sé ekki til jafns við upphæð hans.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-1768.pdf>



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8.4.2020
Tilvísun: 20200400708

Kt. 420169- 3889

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða – 666. þingmál, þskj. 1130.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. mars sl. móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint þingmál.

Með frumvarpi þessu er kveðið á um sérstakan félagslegan viðbótarstuðning við aldraða einstaklinga sem eru 67 ára og eldri og búa á Íslandi. Einkum er þar um að ræða eldri innflytjendur og eldri íslenska ríkisborgara sem hafa verið búsettir hér á landi um svo stutt skeið að þeir eiga lítil eða engin lífeyrisréttindi hérlendis en hafa heldur ekki áunnið sér lífeyrisréttindi annars staðar.

Ríkisskattstjóri telur tilefni til neðangreindra athugasemda um efni frumvarpsins.

I.

Ríkisskattstjóri bendir á að ekki fær staðist orðalag lokamálsliðar 2. mgr. 5. gr., þ.e. „*Sama á við um sambærilegar tekjur sem aflað er eða greiddar eru erlendis og eru ekki taldar fram til skatts hér á landi.*“ Framsetning sem þessi verður auk heldur að teljast óheppileg. Mál þetta varðar framfærslu til aldraðra einstaklinga sem hafa fasta búsetu og skráð lögheimili á Íslandi, sbr. 2. gr. frumvarps þessa, og eiga þeir því hér að öllum líkindum skattalega heimilisfesti. Einstaklingar þessir eru þ.a.l. framtalsskyldir og skattskyldir á Íslandi af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað, og jafnframt eru þeir framtalsskyldir vegna allra eigna sinna. Skattlagning tekna manna sem hér á landi bera ótakmarkaða skattskyldu, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ræðst af ákvæðum þeirra laga og eftir atvikum að teknu tilliti til tvísköttunarsamninga sem Ísland kann að hafa gert við upprunaland viðkomandi tekna.

Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir að allar tekjur greiðsluþega, innlendar sem erlendar, komi til frádráttar mánaðarlegum viðbótarstuðningi með ákveðnum vikiðum þó. Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að upplýsingar um erlendar tekjur geta verið af skornum skammti hafi þær ekki verið taldar fram. Upplýsingar frá erlendum skattyfirvöldum berast t.a.m. í langflestum tilvikum ekki fyrr en að lokinni álagningu og þannig að tekjuári liðnu. Undantekning frá þessu eru tekjuupplýsingar frá Norðurlöndunum sem berast ríkisskattstjóra í upphafi næsta tekjuárs á eftir greiðsluári viðbótarstuðnings. Einnig er vert að nefna að í sumum tilvikum berast ríkisskattstjóra alls ekki upplýsingar um erlendar tekjur. Þá eru erlendar tekjuupplýsingar sem berast ríkisskattstjóra alla jafna ekki á því formi að ljóst sé í hvaða mánuði liðins tekjuárs þær hafa fallið til. Allt að einu er ljóst að upplýsingar um erlendar tekjur liggja ekki fyrir á greiðsluári viðbótarstuðnings nema að því marki sem að greiðsluþegi upplýsir um þær.

Umtalsverður endurreikningur kann því að þurfa að fara fram á næsta ári/árum eftir að viðbótarstuðningur kemur til greiðslu, með tilheyrandi óhagræði fyrir stjórnvöld og bótaþega.

II.

Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að „við útreikning viðbótarstuðnings skuli miðað við nýjustu tekjuupplýsingar sem völ er á“. Í athugasemdum við 6. gr. greinir að Tryggingastofnun muni nýta „nýjustu upplýsingar úr staðgreiðsluskrá skattýfirvalda og úr síðasta skattframtali hvað varðar fjármagnstekjur“. Ríkisskattstjóri áréttar að ekki eru allar innlendar tekjur staðgreiðsluskyldar og liggja slíkar tekjur sem svo um ræðir því ekki fyrir fyrr en að liðnu tekjuári. Tekjur sem ekki eru staðgreiðsluskyldar munu því sömuleiðis leiða til endurreiknings með tilheyrandi óhagræði, rétt eins og að framan er nefnt um erlendar tekjur.

III.

Vegna ákvæða 7. gr. um eignaviðmið vegna viðbótarstuðnings telur ríkisskattstjóri rétt að nefna að æskilegt væri að tilgreina viðmiðunartímamark lausafjárstöðu, s.s. áramót.

IV.

Með 12. gr. frumvarpsins er Tryggingastofnun ríkisins (TR) veitt all viðtæk heimild til öflunar upplýsinga frá ýmsum stjórnisýsluaðilum, þ.m.t. skattýfirvöldum. Ákvæði þetta virðist þó ekki sérsníðið að aðstæðum sem skyldi. Fullt tilefni er til að benda á að með lögum nr. 48/2019, um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 (stofnanir á málefna sviði félags- og barnamálaráðherra), voru felld niður ákvæði þar sem upplýsingaöflun viðkomandi stofnana fór fram á grundvelli samþykkis einstaklings, en í staðinn tekin upp ótvíræð einhliða heimild viðkomandi stofnana til öflunar nauðsynlegra upplýsinga. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga var þannig færð til samræmis við kröfur laga nr. 90/2018. Fræðsluskylda stofnana gagnvart hinum skráða við vinnslu persónuupplýsinga þeirra var lögfest, sbr. svofellt ákvæði í tilviki TR, sbr. 2. mgr. 1. gr. tilvitnaðra laga sem virðist skorta í frumvarpi þessu:

„Tryggingastofnun ríkisins ber að upplýsa viðkomandi aðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 1. og 2. mgr. í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.“

Með ákvæði 12. gr. er m.a. lögð upplýsingaskylda á ríkisskattstjóra og tekið er fram að upplýsingar og gögn sem TR óskar eftir og unnt sé að láta í té skulu veittar án endurgjalds og í því formi sem óskað er. Ætla verður að skyldur þeirra annarra aðila sem taldir eru upp í ákvæðinu séu umstangsminni en upplýsingaskylda ríkisskattstjóra vegna tekju- og eignaupplýsinga, sbr. og umfjöllun í köflum I. og II. um að punktstaða við staðgreiðslu- og framtalsskil muni ekki reynast fullnægjandi. Skatturinn og TR hafa átt gott samstarf um aðgang þess síðarnefnda að vefþjónustu Skattsins og uppflettingum á upplýsingum um einstaka skjólstæðinga, en allar sérvinnslur og stærri keyrslur eru aftur á móti kostnaðarsamar í framkvæmd. Verður þannig að telja að óeðlilegt sé að gert sé ráð fyrir að eftirlitsaðgerðir einnar stofnunar séu kostaðar af fjárveitingu annarrar stofnunar s.s. til skatteftirlits. Æskilegt væri því að á eftir orðunum „og í því formi sem óskað er“ væri tekið fram „enda sé um óverulegan kostnað að ræða“.

V.

Með vísan til 13. gr. frumvarpsins, og umfjöllunar í IV. kafla að framan, bendir ríkisskattstjóri á að í núverandi almannatryggingakerfi er gert ráð fyrir því að bótafjárhæðir séu ákvarðaðar

með hliðsjón af sk. tekjuáætlun viðkomandi einstaklings. Í reynd gerir TR tillögu að slíkri áætlun sem byggð er á við ákvörðun bótafjárhæðar í mjög mörgum tilvikum. TR endurreiknar síðan þessar tekjuáætlanir í einhver skipti innan hvers tekjuárs. Við útreikning á bótum frá TR eru tekjuáætlanir þessar miðaðar við komandi almanaksár sem er það sama og tekjuár, en í frumvarpinu er viðbótarstuðningur sagður eiga að miðast við hvert 12 mánaða tímabil. Á þeirri aðferðafræði TR sem almennt er viðhöfð við gerð tekjuáætlana eru þegar nokkrir annmarkar sem sérstaklega koma fram þegar greiðsluþegar hafa tekjur sem ekki eru staðgreiðsluskyldar, t.d. ýmsar fjármagnstekjur. Slíkar tekjur eru aldrei að fullu ljósar fyrr en við gerð skattframtals árið eftir tekjuár, sbr. umfjöllun í köflum I. og II. að framan. Ef viðmiðunartímabil viðbótargreiðslna verður hvert 12 mánaða tímabil en ekki almanaksárið þá mun það leiða til enn meiri óvissu en ella um hver endanleg tekjufjárhæð er í raun.

Árlega leiðir ýmis ónákvæmni í tekjuáætlunum til endurreiknings greiðslna hjá þúsundum greiðsluþega. Jafnvel þó að Skatturinn og TR hafi tekið sín á milli upp aðferðafræði þessu til einföldunar þá fylgir endurreikningi bóta ávallt mikið óhagræði fyrir alla hlutaðeigandi. Gera má ráð fyrir því að hin nýja framkvæmd sem fjallað er um í frumvarpi þessu auki enn frekar á vinnu við endurreikning bóta með tilheyrandi tilkostnaði hjá stjórnvöldum og óþægindum fyrir greiðsluþega.

Virðingarfyllt,
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
skrifstofa húsnæðis- og líffeyrismála
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 29. október 2019

1910042SA TP
Málalykill: 00.64

Efni: Félagslegur viðbótarstuðningur við aldraða

Vísað er til kynningar á frumvarpsdrögum um ofangreint efni sem birtist á samráðsgátt stjórnvalda þann 21. október sl. (mál nr. 263/2019).

Drögin byggja á skýrslu starfshóps sem m.a. var falið að greina hvaða hópar eldri borgara búi við lökust kjör hér á landi. Að tillögu hópsins er miðað við að lögfestur verði nýr bótaflokkur í almannatryggingakerfinu sem veiti viðbótarstuðning til afmarkaðs hóps aldraðra.

Þessi útfærsla byggir á norskri fyrirmynd en þar í landi hafa frá 2005 verið í gildi sérstök lög um slíkan viðbótarstuðning ([Lov om supplerande stønad til personar med kort butid i Noreg](#)). Er stuðningurinn veittur einstaklingum eldri en 67 ára sem búa og dvelja varanlega í Noregi en fá litlar eða engar líffeyrisgreiðslur vegna stuttrar búsetu í landinu. Markmið norsku laganna er að tryggja þessum einstaklingum lágmarkstekjur sem miðast við lágmarksgrunnellilífeyri án skerðinga vegna búsetu eða annarrar ávinnslu réttinda (n. minste pensjonsnivå etter folketrygdlova for ein person med ugradert pensjon utan avkorting for trygdetid). Fyrir liggur einnig að lögfestingu var á sínum tíma ætlað að létta útgjöldum af norskum sveitarfélögum vegna þess hóps sem hér um ræðir.

Afstaða sambandsins

Sambandið telur fyrirbyggjandi drög vera jákvætt skref og hvetur til þess að frumvarp þessa efnis verði lagt fram á Alþingi. Með því væri brugðist við þeirri stöðu að aldraðir einstaklingar þurfi varanlega að reiða sig á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Af hálfu sambandsins er lögð megináhersla á að sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að veita tímabundna neyðaraðstoð sem sé öryggisnet einkum fyrir þá sem eru að fara á milli framfærslukerfa. Þessi aðstoð eigi hins vegar ekki að vera varanleg framfærsla þess sem aðstoðina fær. Þá beri einnig að bæta samspil milli opinberra framfærslukerfa til að koma í veg fyrir tvígreiðslu bóta, m.a. þegar líffeyrisgreiðslur eru ákvarðaðar afturvirk og yfir tímabil þar sem viðtakandi hefur verið á fjárhagsaðstoð.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 2. gr.:

Að norskri fyrirmynd er tekið upp í drögunum að einstaklingur 67 ára eða eldri sem fengið hefur dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar öðlist ekki bótarétt lögum samkvæmt hafi fjölskyldumeðlimur hérlandis ábyrgst framfærslu hans.

Gera verður athugasemd við þessa framsetningu. Í Noregi eru til staðar vel skilgreindir ferlar á grundvelli laga og reglugerða um meðferð slíkra ábyrgðaryfirlýsinga af hálfu fjölskyldumeðlims (n. referanseperson) eða annars aðila (n. tredjemannsgaranti). Staðan hérlendis er hins vegar sú að reglugerðarheimild í 4. mgr. 56. gr. útlendingalaga hefur ekki verið nýtt til þess að kveða nánar á um kröfur til framfærslu m.a. við fjölskyldusameiningar. Einnig má draga í efa að sú heimild sé nægilega sterk að óbreyttum lögum - til þess að leggja framfærsluskyldur á herðar þriðja aðila, þar á meðal afkomendur við foreldra á eftirlaunaaldri sem hingað koma á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Sambandið telur því einsýnt að tenging við ábyrgð á framfærslu verði felld út úr drögunum við frekari vinnslu þeirra.

Um 3. gr.:

Velta má upp þeirri spurningu hvers vegna fjárhæð þessa nýja bótaflokks er bundin við 90% af ellilífeyri. Eftir því sem best verður séð miðast stuðningur í Noregi við 100% af grunnellilífeyri.

Um 4. gr.:

Hér kemur fram eðlileg regla um að réttindi annars staðar hafi verið tæmd. Rétt er þó að benda á að algengt virðist¹ að umræddir einstaklingar eigi engin réttindi í almannatryggingakerfi fyrra búsetulands (eins eða fleiri). Einnig kann að vera álitamál hvort raunhæft er að afla upplýsinga um réttindi í fyrra búsetulandi ef milliríkjasamningur er ekki fyrir hendi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

Um 5. gr. sbr. 9. gr.:

Í 9. gr. frumvarpsdraganna er fjallað um greiðslur aftur í tímann. Um framkvæmdina segir síðan í 4. mgr. 5. gr. að hafi umsækjandi þegar fengið greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélags á sama tímabili sem greitt er fyrir aftur í tímann skuli viðbótarstuðningurinn nema mismuninum fyrir það tímabil. Sama eigi við um þann mánuð er greiðslur hefjast.

Sú framkvæmd sem hér er gert ráð fyrir samrýmist út af fyrir sig fyrrgreindri áherslu sambandsins um að bætur séu ekki tvígreiddar fyrir sama tímabil. Á hinn bóginn er vakin athygli á því að allt önnur regla gildir um aðra bótaflokka almannatrygginga sem almennt byggjast á afturvirkum greiðslum miðað við umsóknardag án þess að tillit sé tekið til þess að sveitarfélög séu að leggja út fyrir framfærslu umsækjanda á biðtíma eftir niðurstöðu (t.d. um örorkulífeyri).

Að mati sambandsins er mikilvægt að hefjast þegar handa við endurskoðun á greiðslufyrirkomulagi opinberar framfærslukerfa til þess að koma á nauðsynlegu samræmi.

Um 11., 12. og 13. gr.:

Í þessum greinum koma fram meginreglur um upplýsingaskyldu og eftirlit. Mikilvægt er að treysta þessar meginreglur í sessi enda eru þær forsenda þess að unnt sé að tryggja réttmæti greiðslna. Fyrst og fremst er þar vísað til þess að

¹ Sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/148/s/1167.pdf>.

fjárhæðir séu ákvarðaðar með réttum hætti og að greiðslur berist réttum viðtakanda, þannig að bæði sé komið í veg fyrir mistök og spornað gegn svikum.

Að mati sambandsins er fyrirfram ekki við því að búast að mikil brögð verði að misferli í kringum þennan nýja bótaflokk. Umræða um slík tilvik er hins vegar alltaf mjög neikvæð og til þess fallin að draga athyglina frá markmiðum stuðnings. Því ætti að byggja fyrirkomulag eftirlits upp með þeim hætti að tryggja sem allra best réttmæti allra greiðslna.

Mat á áhrifum

Í 6. lið almennra athugasemda með frumvarpsdrögum kemur fram að tilkoma viðbótarstuðnings til umrædds hóps aldraðra muni hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga. Sambandið gerir ekki athugasemd við þetta mat og bendir á að það fyrirkomulag sem lagt er til varðandi afturvirkni greiðslna (sbr. 5. og 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða) mun draga fram hvaða áhrif tilkoma þessa bótaflokks hefur í reynd á útgjöld sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Bókun

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem félags- og barnamálaráðherra skipaði 29. október 2018, gerir eftirfarandi bókun um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða

Frumvarpið byggir á niðurstöðum starfshóps um kjör aldraðra þar sem fjallað var um þann hóp aldraðra sem býr við lökustu kjörin. Skv. frumvarpinu er breytingum ætlað að mæta þeim hópi aldraðra sem eru 67 ára og eldri og hefur áunnið sér lítil eða engin lífeyrisréttindi á Íslandi og hafa litlar sem engar aðrar tekjur en greiðslur frá almannatryggingum sér til framfærslu. Gert er ráð fyrir að öllum lífeyrisþegum verði tryggð að lágmarki 90% af fjárhæð ellilífeyris almannatrygginga að teknu tilliti til eigna, annarra tekna og dvöl á Íslandi. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra telur mikilvægt að gripið sé til sértækra aðgerða líkt og frumvarpið boðar til að tryggja lágmarksframfærslu allra íbúa landsins. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að markvisst verði unnið að því að koma upplýsingum um félagslegan viðbótarstuðning til þeirra sem kunna að eiga rétt á honum. Jafnframt leggur nefndin til að ávinningur lagasetningarinnar verði sérstaklega skoðaður að 12 mánuðum liðnum frá lagasetningunni.

Reykjavík 22.11.2019,

F.h. samstarfsnefndar um málefni aldraðra



Valgerður Sverrisdóttir



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27 apríl. 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 50. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 1130 — 666. mál.

Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi hafa borist umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis 20. apríl 2020 um frumvarp félags- og barnamálaráðherra til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, sbr. 666. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020

Samtök kvenna af erlendum uppruna fagna þeirri jákvæðu breytingu í garð viðkvæmustu samfélags hópanna sem á sér stað með þessu frumvarpi, en markmið frumvarpsins er að efla framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru á Íslandi og eiga takmörkuð eða jafnvel engin lífeyrisréttindi hjá almannatryggingum.

Þá leggjum við fram athugasemdir okkar varðandi eftirfarandi atriði.

2. gr. Gildissvið.

Fjölskyldumeðlimir sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar falla ekki undir löggin hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við hér á landi ábyrgst framfærslu þeirra. Sama á við hafi annar aðili sem deilir heimili með viðkomandi ábyrgst framfærslu hans.

Frumvarp þetta nær til tveggja viðkvæmra hópa, annars vegar eldri Íslendinga sem koma aftur til landsins eftir langa dvöl erlendis og hinsvegar eldri innflytjenda. Á meðan að við fögnum þeim breytingum sem koma fyrrnefndum hópi til gagns og auka lífsgæði þeirra töluvert þá teljum við það vera með öllu ótækt að mismuna þessum tveimur hópum eldri borgara hvað rétt til lífsviðurværis varðar.

Fjöldi innflytjenda á Íslandi hafa komið hingað fyrir tilstilli dvalarleyfis á grundvelli fjölskyldu sameiningar. Þá eru þeir innflytjendur sem flytja eldri fjölskyldu meðlimi sína til landsins á sínu framfæri oft nú þegar með bágan fjárhag. Við flutninginn verður aðilinn ábyrgur fyrir fullri framfærslu annars fullorðins aðila sem gæti átt við veikindi að stríða og jafnvel þurft á mikilli umönnun að halda. Samkvæmt skýrslunni eru konur í meirihluta þeirra sem búa við þessar aðstæður.

Þetta getur þá haft þær afleiðingar að börn þessara eldri fjölskyldumeðlima verða fyrir miklu fjárhagstjóni, sér í lagi ef til einhverjar breytingar verða á aðstæðum þeirra eða ættingja

þeirra frá því að komið er til landsins. Skilnaðir eða andlát maka/fyrirvinnu geta breytt aðstæðum fjölskyldna og getu þeirra til þess að sjá eldri fjölskyldumeðlimum farborða sem hafa engan rétt á viðbótarstuðning. Þá er einnig vert að taka fram að íslenskum ríkisborgurum er ekki lagalega skylt að taka fjárhagslega ábyrgð á íslenskum fjölskyldu meðlimum sínum sem eru eldri borgarar, því er ótækt að krefjast þess af innflytjendum sem eru í sambærilegum aðstæðum.

3. gr.

Viðbótarstuðningur og fjárhæðir.

Þeir sem uppfylla skilyrði laga þessara geta fengið greiddan félagslegan viðbótarstuðning sér til framfærslu í samræmi við nánari ákvæði laganna.

Hámarksfjárhæð mánaðarlegs viðbótarstuðnings skal nema 90% af fjárhæð fulls ellilífeyris eins og hann er ákveðinn hverju sinni í lögum um almannatryggingar.

Ef um einhleypan umsækjanda er að ræða, sem býr einn og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, er til viðbótar stuðningi samkvæmt 1. mgr. heimilt að greiða 90% af mánaðarlegri fjárhæð fullrar heimilisuppbótar eins og hún er ákveðin hverju sinni í lögum um félagslega aðstoð.

Það er okkar skilningur að skýrsla starfshóps sem byggir á norskri fyrirmynd sem leggur til fullar viðbótarbætur (100%) til viðkvæmra samfélagsþegna.

Sjá ["Lov om supplerande stønad til personar med kort butid I Noreg"](#)

Það er ofar okkar skilningi hvers vegna þetta ætti að vera á annan veg á Íslandi og viljum við að því sögðu hvetja íslenska löggjafaraðila til þess að vernda hagsmuni þeirra sem eru viðkvæmastir. Við hjá Samtökum kvenna af erlendum uppruna stöndum við þá sannfæringu okkar um að allir Íslendingar og allir þeir sem hafa varanlega búsetu hér á landi eigi rétt á lágmarks framfærslu og lífsviðurværis og að það séu íslensk stjórnvöld sem bera ábyrgð á því að standa vörð um þann rétt.

Virðingarfyllst,

Angelique Kelley
stjórnarmeðlimur

f.h. Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi

Túngata 14

101 Rvk

info@womeniniceland.is

Bókun

Starfshópur um lífskjör og aðbúnað aldraðra, sem félags- og barnamálaráðherra skipaði 5. september 2019, hefur fengið kynningu á frumvarpi til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

Í frumvarpi þessu, sem er að mestu leyti byggt á tillögum starfshóps um kjör aldraðra frá árinu 2018, er lagt til að komið verði á fót félagslegu kerfi á vegum ríkisins þar sem gert er ráð fyrir heimild til sérstakra greiðslna til einstaklinga sem eru 67 ára og eldri og hafa áunnið hafa sér lítil sem engin lífeyrisréttindi á Íslandi vegna búsetu erlendis. Er stuðningur þessi þannig ætlaður þeim sem búa við lökustu kjörin í hópi aldraðra einstaklinga sem búsettir eru á Íslandi að uppfylltum tilteknum skilyrðum um tekjur, eignir og löglega búsetu hér á landi.

Starfshópurinn telur að með samþykkt frumvarpsins yrðu kjör framangreinds hóps aldraðra bætt verulega. Lýsir hópurinn yfir ánægju með frumvarpið og mælir með að það verði samþykki óbreytt.

Reykjavík, 26. nóvember 2019

fh. starfshópsins


Ingibjörg Ólöf Isaksen, formaður



Velferðarnefnd
Skrifstofa nefndarsviðs Alþingis
150 Reykjavík.

Selfossi, 6. apríl 2020
2003214

Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Sveitarfélagið Árborg hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Sveitarfélagið Árborg fagnar viðbótarstuðningi við aldraða en tekur jafnframt undir umsögn ASÍ um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Kópavogi, 8. apríl 2020

Efni: Frumvarp tli laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða – Þingskjal 1130 – 666. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 21. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar (TR) um ofangreint lagafrumvarp og tölvubréfs dags. 6. apríl þar sem óskað er eftir að umsagnir berist fyrir kl. 17 þann 8. apríl.

TR fagnar því að stofnuninni sé falið það verkefni að greiða félagslegan viðbótarstuðning til aldraða. Telja má að verkefnið falli vel að hlutverki stofnunarinnar og öðrum verkefnum sem hún hefur með höndum. Hins vegar er rétt að benda á það að ef frumvarpið verður samþykkt mun það hafa aukinn kostnað í för með sér í rekstri stofnunarinnar. Um er að ræða nýja tegund greiðslna. Réttindi um félagslegan viðbótarstuðning til aldraða mun því þurfa að byggja á öðru greiðslukerfi en þau réttindi sem TR greiðir nú út gera. Einnig er gert ráð fyrir því að sækja þurfi um viðbótarstuðning í eigin persónu og að tryggja þurfi að umsækjandi og greiðsluþegi dveljist hér á landi með þeim undanþágum sem fram koma í 8. gr. frumvarpsins. Þá þyrfti að koma á fót stafrænum tengingum á milli TR og Útlendingastofnunar.

Áætlað er að fjárförf við innleiðingu á nýjum bótaflokk, félagslegum viðbótarstuðningi við aldraða, verði 36 milljónir króna. Þar af eru 27 milljónir áætlaðar í tölvukerfi, 7 milljónir í vinnu og þjálfun starfsmanna og 2 milljónir í kynningarmál. Til viðbótar er áætlað að rekstrarkostnaður vegna þessa verkefnis eftir innleiðingu og þegar búið er að taka tillit til samlegðaráhrifa með öðrum verkefnum verði 14 milljónir króna á árinu 2020. Sú upphæð nær bæði til aukinnar mönnunar við rekstur og afgreiðslu mála í nýju greiðslukerfi og til reksturs tölvukerfa. Áætlað er því að heildarkostnaður á innleiðingarári eða árinu 2020 verði 50 milljónir króna

Þá er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður vegna þessa verkefnis þegar búið er að taka tillit til samlegðaráhrifa með öðrum verkefnum verði 30 milljónir króna, á verðlagi ársins 2020, frá og með árinu 2021. Sú upphæð nær sömuleiðis bæði til aukinnar mönnunar og reksturs tölvukerfa og þarf að fara inn í varanlega fjárheimild TR vegna þessa viðbótar greiðsluflokks.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Haft var samráð við TR við samningu frumvarpsins en stofnunin vill þó koma á framfæri nokkrum athugasemdum varðandi efnisatriði frumvarpsins á þessu stigi málsins.

1. og 2. gr.: Í ákvæðinu kemur fram að markmið laganna er m.a. að ná til einstaklinga sem hafa engin ellilífeyrisréttindi hér á landi, t.d. vegna þess að þeir hafa flutt til landsins eftir 67 ára aldur. Rétt er að vekja athygli á því að TR hefur ekki upplýsingar um mögulegan fjölda þeirra einstaklinga sem nú þegar býr hér á landi og gæti fallið undir þennan nýja bótaflokk. Einnig er



erfitt að spá fyrir um framtíðarþróun í þeim hópi, m.a. með hliðsjón af skuldbindingum okkar samkvæmt EES samningum.

2. og 4. mgr. 5. gr.: Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sé undanskilin því að teljast sem tekjur við útreikning á fjárhæð mánaðarlegs viðbótarstuðnings en í 4. mgr. er gert ráð fyrir að hafi umsækjandi þegar fengið greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á sama tímabili sem greitt er aftur í tímann skuli viðbótarstuðningurinn nema mismuninum fyrir það tímabil. Vekjum athygli á því að þetta gæti haft í för með sér að einstaklingur geti fengið greidda fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á sama tíma og hann fær viðbótarstuðning.

3. mgr. 6. gr. og 10. gr.: Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. er ekki gert ráð fyrir endurkröfum vegna rangra tekjuupplýsinga en stofnuninni ber aðeins að ákvarða að nýju ef breyting á tekjum nemur að lágmarki 10%. Rétt þykir að benda á að þetta fyrirkomulag gæti boðið upp á misnotkun, t.d. ef greiðsluþegi er sjálfstæður atvinnurekandi eða verktaki þar sem þær tekjur koma mögulega eingöngu fram á skattframtali. Rangar upplýsingar gætu þá hins vegar haft áhrif á framtíðarréttindi hans til viðbótarstuðnings. Þó er ólíklegt að margir í þessum hópi séu í slíkri aðstöðu. Ef vilji er til að endurkrefja vegna rangra tekjuupplýsinga, t.d. ef vísitandi eru veittar rangar upplýsingar um tekjur, þá þarf að vera skýr lagaheimild fyrir því. Að mati TR er sú heimild ekki í frumvarpinu í núverandi mynd.

4. mgr. 9. gr.: Heimilt er að greiða þrjá mánuði aftur í tímann frá því að umsókn er lögð fram og ekki eru greiddir vextir. Þarna kemur ekki fram hvernig eigi að fara með það ef nauðsynleg gögn fylgja ekki með umsókn. TR telur betra að hafa orðalagið þannig að heimilt sé að greiða þrjá mánuði frá því að umsókn og nauðsynleg gögn berast í samræmi við sambærilegt ákvæði í lögum um almannatryggingar.

15. gr.: Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu er rétt að taka fram að mögulegt er að ekki verði forsvaranlegt að bjóða umsækjendum upp á það að krefja þá um að koma í eigin persónu í þjónustumiðstöð Tryggingstofnunar eða til umboða til þess að sækja um viðbótarstuðning og eins og staðan er í dag þá er þjónustumiðstöðin lokuð. Í ljósi gildistökuákvæðis þessara laga er einnig ekki mögulegt að stofnunin muni geta sett upp algjörlega fullnægjandi einhvern annan hátt til þess að taka á móti slíkum umsóknum þannig að hafið sé yfir allan vafa að umsækjendur séu búsettur hér á landi, sérstaklega ef horft er til áreiðanleika þeirra, samanber úrskurð Persónuverndar 2018/1718 frá 9. desember 2019 (aðgengilegur á vef Persónuverndar). Fyrirsjáanlegt er að stofnunin muni þurfa að vera sveigjanlegri en lögin gera ráð fyrir við afgreiðslu umsókna verði aðstæður við gildistöku laganna sambærilegar og þær eru í dag.

19. gr.: Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí nk. sem er frekar stuttur undirbúningstími. Það hefði þurft að gera ráð fyrir fjögurra til sex mánaða undirbúningsvinnu vegna innleiðingar þessa nýja greiðsluflokks í kerfi TR og ferla eftir samþykkt frumvarpsins. Ef það er sterkur vilji til að láta lögin taka gildi 1. júlí nk. þá væri nauðsynlegt að taka sérstaklega fram í lögnum hvenær þau eigi að koma til framkvæmda. Greitt yrði þá afturvirkir þegar þau kæmu til framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Sigrún Jónsdóttir

Staðgengill forstjóra



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Velferðarnefnd

Kópavogur, 21. apríl 2020
Tilv.: 2020030033

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Útlendingastofnun barst umsagnarbeiðni velferðarnefndar vegna frumvarps til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða hinn 21. mars sl. og þykir rétt að koma að eftirfarand ábendingum.

Í frumvarpinu er meðal annars mælt fyrir um í hvaða tilvikum aldraðir erlendir ríkisborgarar geti átt rétt á félagslegum viðbótarstuðningi. Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að aðeins þeir erlendu ríkisborgarar sem hafi hér á landi ótímabundið dvalarleyfi geti átt rétt að félagslegum viðbótarstuðningi samkvæmt lögnum. Í 3. mgr. þeirrar greinar er mælt fyrir um þá undanþágu frá því skilyrði þegar hinn erlendi ríkisborgari hefur dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis og hafi haft hér á landi fasta búsetu og skráð lögheimili samfellt í a.m.k. tvö ár þegar sótt er um félagslegan viðbótarstuðningbreytingar og sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins segir að hér geti til dæmis verið um að ræða mjög erfíðar eða breyttar aðstæður, t.d. andlát maka og að ekkert bendi til þess að ótímabundið dvalarleyfi verði ekki veitt.

Útlendingastofnun telur rétt að benda á að eitt skilyrði þess að fá útgefið ótímabundið dvalarleyfi er að framfærsla viðkomandi sé trygg. Því felst í því ákveðin þversögn að segja að ekkert bendi til þess að ótímabundið dvalarleyfi verði ekki veitt þegar viðkomandi sækir um og fær viðbótarstuðning vegna bágborinnar fjárhagsstöðu. Frá kröfunni um tryggja framfærslu eru þó undantekningar, s.s. í tilvikum flóttafólks og handhafa dvalarleyfa á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. 5. mgr. 58. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að útlendingur sem fengið hefur dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar falli ekki undir lögina hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við hér á landi ábyrgst framfærslu þeirra. Sama eigi við hafi annar aðili sem deili heimili með viðkomandi ábyrgst framfærslu hans.

Að mati Útlendingastofnunar mætti skýra nánar hvort ákvæðið eigi bæði við um þá einstaklinga sem fengið hafa ótímabundið dvalarleyfi eða eru enn á dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Þá vekur Útlendingastofnun athygli á því að ekki er fyrir að finna ákvæði í lögum sem skylda einstaklinga til að framfæra foreldra sína og tekur stofnunin undir þær athugasemdir sem fram hafa komið í umsögnum um málið og lúta að þessu.

Að lokum telur stofnunin ástæðu til að benda á að af frumvarpinu má ætla að EES- og EFTA- borgarar eigi ekki rétt til félagslegs viðbótarstuðnings þar sem þeir eru undanskildir kröfunni um dvalarleyfi. Stofnunin þekkir ekki til hvort og þá að hvaða leyti í gildi eru samevrópskar almannatryggingarreglur.

F.h. Útlendingastofnunar

Vera Dögg Guðmundsdóttir



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6.apríl 2020
VEL2019100035

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða. Þingskjal 1130-666. mál.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi ofangreint frumvarp.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er það markmið sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins mjög jákvætt þar sem það lýtur að því að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og sem hafa áunnið sér takmörkuð eða engin lífeyrisréttindi frá almannatryggingum.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um störf starfshóps sem félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði til að fjalla um kjör aldraðra á Íslandi til að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við. Athygli vekur að einn hópur aldraðra á Íslandi var þar undanskilinn en það er sá hópur sem fjallað er um í niðurlagi 2. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um gildissvið laganna. Þar kemur fram að fjölskyldumeðlimir erlendra ríkisborgara sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar falli ekki undir gildissvið laganna hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við ábyrgst framfærslu þeirra. Sama eigi við hafi annar aðili sem deilir heimili með viðkomandi ábyrgst framfærslu hans.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það að undanskilja framangreindan hóp. Dvalarleyfum á grundvelli fjölskyldusameiningar hefur fjölgað undanfarin ár og gera verður ráð fyrir að sú fjölgun verði viðvarandi. Nauðsynlegt er að huga að sérstöðu þeirra hópa sem fá slík dvalarleyfi þar sem í mörgum tilfellum er um að ræða einstaklinga sem koma úr erfiðum aðstæðum og þurfa mikla aðstoð við að hefja nýtt líf á Íslandi.

Á vef Útlendingastofnunar kemur eftirfarandi fram varðandi gögn sem leggja þarf fram vegna umsóknar um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar hvað varðar leyfi fyrir foreldri, 67 ára og eldri:

Framfærslugögn sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Geti umsækjandi ekki sýnt fram á sjálfstæða framfærslu, er barni umsækjanda heimilt að leggja fram gögn sem sýna fram á tryggja framfærslu umsækjanda.

Dæmi er um það að foreldrar einstaklinga sem einungis hafa fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sér til framfæris hafi fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar þar sem börn viðkomandi hafa ábyrgst tryggja framfærslu. Eðli málsins samkvæmt kemur síðar í ljós að framfærsluástoð frá sveitarfélagi nægir ekki til að framfleyta einnig öldruðum foreldrum í

viðbót við þær framfærsluskyldur sem einstaklingar bera gagnvart sjálfum sér og börnum sínum. Því er ekki um annað að ræða en að foreldrarir fái einnig greidda fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu. Fjárhagsaðstoð til foreldranna er því greidd til þeirra um ókomin ár eða þar til viðkomandi flytur á hjúkrunarheimili. Íbúar á hjúkrunarheimilum eiga rétt á ráðstöfunarfé á grundvelli reglugerðar um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 1255/2016. Einstaklingar í þeirri stöðu sem hér um ræðir eiga þó ekki rétt á ráðstöfunarfé fremur en lífeyri og sækja því einnig um fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi þegar þeir flytja á hjúkrunarheimili. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á nauðsyn þess að horft sé til vaxandi fjölda einstaklinga í þessari stöðu þegar gerðar eru framtíðaráætlanir um þörf á hjúkrunarrýmum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er mikilvægt öryggisnet varðandi framfærslu íbúa þess. Eðli þeirrar aðstoðar er með þeim hætti að hún á að vera veitt til skamms tíma, samhliða veittri ráðgjöf og aðstoð til einstaklinga, í því skyni að valdefla þá svo að þeir geti staðið undir eigin framfærslu. Ef aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi er óvinnufær beinist aðstoðin að því að sækja um endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri. Ljóst er að framangreint getur ekki átt við í tilfellum þeirra einstaklinga er hér um ræðir.


Ekki er að finna ákvæði í íslenskum lögum sem leggja skyldur á einstaklinga til að framfæra foreldra sína og því getur ekki verið rétt að leggja þær skyldur á ákveðinn þjóðfélagshóp með þessum hætti. Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja íbúum lágmarks lífsviðurværi á grundvelli jafnræðis.

Þá er rétt að horfa til þess að í þeim tilfellum þar sem aldraðir einstaklingar fá dvalarleyfi á grundvelli þess að framfærsla sé tryggð af hálfu barna þeirra er ljóst að þeir þurfa oft mikla umönnun. Oftast kemur það í hlut kvenna í fjölskyldunni að annast slíka umönnun þó að unnt sé að sækja um þjónustu frá sveitarfélaginu. Umönnunarhlutverkið getur auðveldlega hindrað konur í að skapa sér sjálfstæði í íslensku samfélagi, vera þátttakendur á vinnumarkaði og afla sér þar réttinda.

Í 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins kemur fram að dvelji greiðsluþegi í einn mánuð eða lengur á stofnun, sbr. 5. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, fellur greiðsla viðbótarstuðnings niður frá og með næsta mánuði eftir að dvölin hófst. Sama gildi um afplánun í fangelsi, gæsluvarðhald eða þegar greiðsluþegi hefur á annan hátt verið úrskurðaður til dvalar á stofnun, sbr. 56. gr. laga um almannatryggingar. Í þessu samhengi er mikilvægt að þess sé gætt að greiðsluþegar geti átt rétt á greiðslu ráðstöfunarfjár, sbr. 8. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. og reglugerð nr. 1255/2015 um ráðstöfunarfé og dagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Helga Jóna Benediksdóttir,
lögfræðingur

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020

Tilvísun ÞÍ: 2020031168/2.0

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál.

Þjóðskrár Íslands vísar til beiðnar Velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. mars sl., þar sem frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál, var sent stofnuninni til umsagnar. Hér eftir fer umsögn Þjóðskrár Íslands.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um að markmið laganna sé að styrkja framfærslu aldraðra einstaklinga sem eru búsettir hér á landi og eigi engin eða takmörkuð lífeyrirséttindi í almannatryggingum. Í 1. mgr. 2. gr. kemur svo fram að lögini taki til einstaklinga sem eru 67 ára eða eldri, hafi fasta búsetu og skráð lögheimili hér á landi og sem dvelja varanlega hér á landi.

Þjóðskrár Íslands telur rétt að benda á að samkvæmt 11. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, er einstaklingum heimilt að halda lögheimili sínu á Íslandi þrátt fyrir dvöl erlendis vegna veikinda. Þessir einstaklingar, sem framvísa gögnum sem nánar eru tiltekin í framangreindu lagaákvæði, hafa þannig skráð lögheimili á Íslandi en eru ekki með fasta búsetu hér á landi í skilningi laga um lögheimili og aðsetur. Verður frumvarpið ekki skilið á annan veg en að þessir einstaklingar falli ekki innan gildissviðs frumvarpsins sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins þrátt fyrir heimild til þess að eiga lögheimili á Íslandi en með skráð aðsetur erlendis.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur

Velferðarnefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020

Efni: Umsögn ÖBÍ um 666. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis 6. apríl 2020 um frumvarp félags- og barnamálaráðherra til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldrada, sbr. 666. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020. Eftirfarandi er umsögn ÖBÍ af þessu tilefni.

Almennt um frumvarpið og nálgun ÖBÍ

Frumvarpið er eitt af jákvæðum skrefum sem ríkisstjórnin hefur tekið í kjölfar heimsfaraldurs covid-19. Markmið frumvarpsins, þ.e. að tryggja lágmarksgreiðslur til ellilífeyrisþega sem fá skertar almannatryggingagreiðslur á grundvelli fyrri búsetu erlendis, er jákvætt skref til að komast til móts við hóp fólks sem lifir í mannskemmandi fátækt. Með frumvarpinu er ekki verið að tryggja öllum lífeyrisþegum lágmarkstryggingu, sbr. rökstuðningin hér að neðan. Einnig verður að teljast sérstakt að skerðingarreglan sem lagt er upp með er í raun 100% skerðingarregla. Ekki verður annað séð en að svokölluð króna-á-móti-krónu verði komið á aftur gagnvart ellilífeyrisþegum.

Lágmarkstrygging fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, í 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, hefur einnig verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis og þeir einstaklingar skildir eftir í sömu fátækt. ÖBÍ hefur í áraraddir lagt til breytingar varðandi það að koma til móts við hópinn, með einfaldri niðurfellingu á reglugerðarákvæði.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að Ísland eigi að vera land tækifæranna fyrir alla. „Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir. Sérstaklega þarf að huga að stöðu barna sem búa við fátækt en þau eru einn af viðkvæmstu hópum samfélagsins.“ Slík úttekt á stöðu öryrkja eða tillögugerð hefur enn ekki farið fram. Í svari félagsmálaráðuneytisins, dags. 12.3.2019, við fyrirspurn formanns ÖBÍ, dags 3.9.2018, til félags- og jafnréttismálaráðherra um fyrirhugaða úttekt er vísað á samráðshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga. Samráðshópurinn lauk störfum vorið 2019 en hann kom í sínu starfi lítið sem ekkert inn á stöðu öryrkja sem eiga engin eða takmörkuð lífeyrisréttindi í almannatryggingum og eru með heildartekjur langt undir framfærsluviðmiði TR.

ÖBÍ fagnar því þessu frumvarpi og býst við að sams konar tryggingu verði komið á fyrir örorkulífeyrisþega. Það er ekki tilviljun að kjarni Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna felur í sér að ríkisstjórnir skuli ekki skilja neinn eftir og að fyrsta heimsmarkmiðið sé að berjast gegn fátækt.

Í umsögninni er bent á þætti sem betur mega fara og í lokin, bent á auðvelda leið sem ríkisstjórnin getur farið, í krafti vilja Alþingis.

Um frumvarpið

Dvalarleyfisákvæði

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er ótímabundið dvalarleyfi gert að skilyrði viðbótarstuðnings. ÖBÍ fær ekki séð að réttlætanlegt geti verið að undanskilja einstaklinga sem dveljast á Íslandi á grundvelli tímabundins dvalarleyfis eða öðrum grundvelli rétt til aðstoðar samkvæmt lögnum.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fjölskyldumeðlimir sem fengið hafa dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli fjölskyldusameiningar falli ekki undir lögin hafi sá aðili sem óskað var sameiningar við hér á landi ábyrgst framfærslu þeirra. Að mati ÖBÍ verður slík yfirlýsing ekki lögð að jöfnu við efndir hennar. Liggi fyrir að þriðji maður sem ábyrgst hefur framfærslu aldraðs einstaklings stendur ekki við skuldbindingar sínar ætti það að mati ÖBÍ ekki að bitna á hinum aldraða einstaklingi. Þá getur það að mati ÖBÍ ekki samrýmst nútímaviðhorfum til réttar einstaklinga til að lifa sjálfstæðu lífi á eigin forsendum að lögbinda það fyrirkomulag að aldraðir einstaklingar í þessari stöðu skuli eiga framfærslu sína undir skyldmönnum sínum.

Frumvarpið tryggir ekki fullan lífeyri

Í 3. gr. frumvarpsins er miðað við að hámarksfjárhæð viðbótarstuðnings skuli nema 90% af fullum ellilífeyri og 90% af heimilisuppbót. Ekki er útskýrt í frumvarpinu hvers vegna hámark viðbótarstuðnings er ákveðið lægra en fullur lífeyrir. Að því gefnu að einstaklingar njóti réttar til aðstoðar fær ÖBÍ ekki séð að réttlætanlegt sé að mismuna þeim sem aðstoðar njóta með þessum hætti.

Orðalag strangt- sem opnar á framkvæmd sem getur gengið gegn markmiðum frumvarpsins

Í 4. gr. er áskilið að umsækjandi hafi fullnýtt öll réttindi sem hann kann að eiga eða hafa áunnið sér. Þrátt fyrir þau dæmi sem nefnd eru í 2. másl. ákvæðisins telur ÖBÍ að víðtækt orðalag 1. másl. geti gefið tilefni til vafamála og dregið úr réttaröryggi einstaklinga sem falla undir lögin. Betur færi á því að skýrt yrði kveðið á um þau réttindi sem nýta þurfi áður en stuðningur samkvæmt lögnum getur komið til álita.

Lögð er til 100% skerðingarregla. Króna-á-móti-krónu komin aftur?

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um frádrátt allra tekna greiðsluþega frá viðbótarstuðningi og tekjur skilgreindar sem allar tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt að undanskilinni fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. ÖBÍ áréttar af þessu tilefni þann skilning sinn að uppbætur á lífeyri vegna framfærslubyrðar og uppbót vegna reksturs bifreiðar

samkvæmt lögum um félagslega aðstoð teljist ekki til tekna í þessum skilningi, sbr. 13. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Grimm eignarregla, sem auðvelt er að laga í meðförum þingsins

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að ekki komi til greiðslu viðbótarstuðnings nemi eignir umsækjanda í peningum eða verðbréfum hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. Eins og ákvæðið er orðað virðist það fela í sér að aldraður einstaklingur glati öllum réttindum samkvæmt lögnum þegar eignir hans hækka úr 3.999.999 kr. í 4.000.000 kr. Í stað slíkrar fortakslausrar reglu telur ÖBÍ eðlilegra að kveðið sé á um skerðingu stuðnings vegna eigna umfram tiltekin eignamörk sé það á annað borð vilji löggjafans að skilyrða stuðning samkvæmt lögnum með þeim hætti.

Óþarfa eftirlitsregla

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir skilyrðum um dvöl hér á landi og erlendis og eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins með ferðum aldraðs einstaklings. Að mati ÖBÍ er eðlilegra að miðað sé við viðmið lögheimilislaga um fasta búsetu eða viðmið tekjuskattslaga um skattalega heimilisfesti sé á annað borð vilji til þess að skilyrða stuðning samkvæmt lögnum með þessum hætti.

Ábendingar um umsóknir og framkvæmd verði frumvarpið óbreytt að lögum

Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að viðbótarstuðningur verði ekki ákvarðaður til lengri tíma en 12 mánaða í einu og að sækja þurfi um viðbótargreiðslur að nýju að loknu hverju greiðslutímabili. Þá er gert ráð fyrir því í 15. gr. að umsækjendur skuli sækja um greiðslur í eigin persónu hjá Tryggingastofnun ríkisins og gildir hið sama um endurnýjun umsókna skv. 9. gr. þó heimilt geti verið að taka við umsóknum með öðrum hætti sem stofnunin telur fullnægjandi hvað varðar staðfestingu á varanlegri dvöl og búsetu hér á landi.

ÖBÍ bendir af þessu tilefni á að um viðkvæman hóp einstaklinga er að ræða sem getur átt örðugt með að fylgja réttindum sínum eftir. Viðbúið er, verði frumvarpið að þessu leyti óbreytt að lögum, að fjölmargir einstaklingar sem ella gætu notið réttar samkvæmt lögnum muni glata réttindum sínum þar sem þeir komast ekki í tæka tíð til að sækja um þau eða endurnýjun þeirra í eigin persónu. ÖBÍ minnir á í þessu sambandi að einstaklingar í þessum hópi geta bæði strítt við færniskerðingar og ekki sjálfgefið að þeir hafi búsetu í þéttbýli.

Framfærsluréttur er stjórnarskrárbundinn réttur.

Að því er varðar frumvarpið í heild þess telur ÖBÍ rétt að leggja áherslu á að einstaklingar sem dveljast á Íslandi og geta ekki séð sjálfum sér farborða sökum elli eigi stjórnarskrármæltan rétt til aðstoðar. Orðalag frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um heimild til að veita einstaklingum viðbótarstuðning fremur en rétt einstaklinga til slíks stuðnings, endurspeglar ekki nægilega vel þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar. Hvað sem líður efnislegri þýðingu þessa orðalags endurspeglast í því sú úrelta afstaða að aðstoð á grundvelli 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér örlætisgerning af hálfu hins opinbera fremur en efnidir þeirra stjórnarskrármæltu skuldbindinga sem þar er kveðið á

um. Óháð því hvort slík afstaða búi í reynd að baki þessari framsetningu frumvarpsins telur ÖBÍ brýnt að lagaákvæði um réttindi borgaranna til aðstoðar séu orðuð sem slík.

Leið til lausnar fyrir örorkulífeyrisþega

Það hlýtur að vera markmið allra ríkisstjórna að berjast gegn fátækt allra hópa. ÖBÍ fagnar því að ríkisstjórnin sé nú að leggja áherslu á að hífa hóp ellilífeyrisþega upp úr verstu fátæktinni. En fyrirbyggjandi frumvarpi er einungis ætlað að taka til einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri án þess að eiga réttindi til aðstoðar vegna elli á grundvelli laga nr. 100/2007. Um leið og ÖBÍ fagnar því að komið sé til móts við þarfir þessa hóps minnir ÖBÍ á að réttur til aðstoðar vegna örorku er samkvæmt sömu lögum einnig háður skilyrðum um búsetu sem leitt geta til þess að einstaklingur sem metinn hefur verið til örorku njóti ekki réttar samkvæmt lögnum. Á þessu er ekki tekið í fyrirbyggjandi frumvarpi. Er það jafnframt í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa markað í þessum málaflokki með setningu laga nr. 116/2016 að fresta nauðsynlegum úrbótum á réttindum öryrkja vegna ágreinings um starfsgetumat. ÖBÍ vekur athygli nefndarinnar á þessu og ítrekar kröfu sína um að ráðist verði í samsvarandi úrbætur á réttindum öryrkja án frekari tafa.

ÖBÍ hefur í áraraðir bent á einfaldaleið til að ná fram samsvarandi úrbótum fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, þ.e. með því að fella niður eftirfarandi reglugerðarákvæði.¹

Fjárhæð sérstakrar uppbótar greiðist í samræmi við búsetu hér á landi, sbr. 1. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar.

Rökin eru eftirfarandi: Búsetuskerðing sérstakrar uppbótar á framfærslu á sér ekki stöð í lögum. Einfaldur samanburður á lagaákvæðum 8. og 9. gr. laga um félagslega aðstoð sýna fram á slíkt, á þetta er að reyna fyrir dómi.

Alþingi getur beint þeim fyrirmælum til ráðherra að afnema ofangreint reglugerðarákvæði til að ná sömu markmiðum fyrir örorkulífeyrisþega. Í því skyni að tryggja að örorkulífeyrisþegar fái sambærilega tryggingu og ætlunin er að tryggja ellilífeyrisþegum með frumvarpinu væri hægt að fara þá leið að bæta ákvæði við reglugerðarákvæðið hér að ofan sem segir til um að þrátt fyrir að greiðslur skuli greiddar í samræmi við búsetu, sbr. 1. mgr. 17. gr. og 4. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, þá skuli aldrei fara niður fyrir 90% af fullum greiðslum örorkulífeyrisþega.

ÖBÍ er reiðubúið að senda fulltrúa á fund nefndarinnar ef eftir því verður óskað.

¹ 14.gr. reglugerðar nr. 1200/2018.

Vertical line on the right side of the page.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ

Meðfylgjandi:

Afrit af bréfi formanns ÖBÍ, dags. 22.2.2019 – ítrekun fyrra bréfs, dags. 3.9.2019.

Afrit af svarbréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 12.3.2019.



Öryrkjabandalag Íslands
Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður
Sigtúni 42
105 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 12. mars 2019
Tilv.: FRN19011479/06.24.00

Vísað er til bréfs þíns, dags. 22. febrúar 2019, varðandi kjör tekjulægstu hópa samfélagsins og tillögur til úrbóta í samræmi við samstarfssáttmála ríkisstjórnar Íslands.

Eins og réttilega er bent á í bréfi þínu kemur það fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 30. nóvember 2017 að styrkja þurfi sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa og leggur ríkisstjórnin mikla áherslu á að það verði gert.

Starfshópur um kjör aldraðra, sem skipaður var 26. apríl 2018, hefur skilað tillögum sínum en starfshópnum var falið að fjalla um kjör eldri borgara í því skyni að fá betri yfirsýn yfir þær ólíku aðstæður sem eldri borgarar búa við og að koma með tillögur um hvernig bæta megi kjör þeirra sem búa við lökustu kjörin. Er niðurstaða starfshópsins sú að unnt sé að bæta kjör verst settu hópa aldraðra með sértækum aðgerðum, t.d. með félagslegu kerfi sem varðar þá sem ekki hafa áunnið sér full réttindi í almannatryggingum hér á landi, eða með auknum húsnæðisstuðningi. Kom það fram í skýrslu starfshópsins að telja megi að marga þessara einstaklinga kunni að skorta nægjanlega fjármuni til framfærslu og að mikilvægt sé að koma til móts við þennan hóp. Leggur starfshópurinn til að horft verði til reynslu Norðmanna um sértækar leiðir í þessu sambandi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur einnig fram að ríkisstjórnin muni efna til samráðs við forsvarsmenn örorkulífeyrisþega um breytingar á bótakerfinu með það að markmiði að skapa sátt um að einfalda kerfið, tryggja framfærslu örorkulífeyrisþega og efla þá til samfélagsþátttöku. Var samráðshópur skipaður 18. apríl 2018 um breytt framfærslukerfi almannatrygginga sem m.a. er ætlað að koma með tillögur að nýju greiðslukerfi sem styðji við markmið starfsgetumats, en faghópur um mótun og innleiðingu starfsgetumats skilað nýlega tillögum sínum. Eru bundnar vonir við að vinnu samráðshópsins ljúki á allra næstu dögum en Öryrkjabandalag Íslands á fulltrúa í hópnum. Í því sambandi má benda á að í fjármálaáætlun fyrir árin 2019-2023 er gert ráð fyrir því að útgjöld hins opinbera aukist töluvert vegna þessa málaflokks sem ætti ekki síst að koma þeim til góða sem standa höllustum fæti í hópi fólks með skerta starfsgetu.

Að endingu vill ráðuneytið taka fram að það er og hefur verið lögð rík áhersla á að eiga gott samstarf við Öryrkjabandalag Íslands, bæði formlegt og óformlegt, og að fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks taki þátt í þeirri vinnu sem varðar málefni fatlaðs fólks.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra


Ágúst Þór Sigurðsson


Þór G. Þórarinnsson

Að endingu vill ráðuneytið taka fram að það er og hefur verið lögð rík áhersla á að eiga gott samstarf við Öryrkjabandalag Íslands, bæði formlegt og óformlegt, og að fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks taki þátt í þeirri vinnu sem varðar málefni fatlaðs fólks.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra



Ágúst Þór Sigurðsson



Þór G. Þórarinnsson

Félags- og jafnréttismálaráðherra
Ásmundur Einar Daðason
Velferðarráðuneytið
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2019

Efni: Fyrirhuguð úttekt á kjörum tekjulægstu hópa samfélagsins og tillögur til úrbóta í samræmi við samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar – ítækun bréf frá 3.9.2018

Í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að Ísland eigi að vera land tækifæranna fyrir alla. „Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir. Sérstaklega þarf að huga að stöðu barna sem búa við fátækt en þau eru einn af viðkvæmustu hópum samfélagsins.“

Hver er staðan á þessu verkefni?

Á vefsíðu velferðarráðuneytisins er frétt, dags. 9. maí 2018, um að þú hafir skipað starfshóp sem fjalla á um kjör aldraðra og gera tillögur um hvernig bæta megi hag þeirra sem lökust hafa kjörin. Hópnum er ætlað að skila tillögum sínum fyrir 1. nóvember næstkomandi. Skipun starfshópsins er í samræmi við samstarfssáttmálann um að styrkja stöðu þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu.


Stór hluti örorkulífeyrisþega er í hópi þeirra allra tekjulægstu í íslensku samfélagi og hafa kjör örorkulífeyrisþega heilt yfir versnað til muna síðustu ár. Upphæðir óskerts örorkulífeyris almannatrygginga duga engan veginn til framfærslu. Á sama tíma eru tekjutengingar örorkulífeyris almannatryggingar mjög grimmar og fólki gert mjög erfitt eða ómögulegt að bæta fjárhagsstöðu sína.

Miðgildi heildartekna örorkulífeyrisþega er mun lægra en miðgildi heildartekna ellilífeyrisþega. Ef Ísland á að vera land tækifæranna fyrir alla og styrkja á stöðu þeirra sem standa höllum fæti verður að bæta kjör örorkulífeyrisþega verulega.

ÖBÍ leggur áherslu á að ef skipaðir eru starfshópar, með það hlutverk að gera úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi og setja fram tillögur til úrbóta eins og fram kemur í samstarfssáttmála ríkisstjórnarinnar, verði þess gætt að í þeim eigi sæti fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks. Það er ekki einungis algjör nauðsyn heldur beinlínis skylda að fólk með sérþekkingu á stöðu og málefnum fatlaðs fólks komi að málum. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er skýrt kveðið á um samráðsskyldu við hagsmunasamtök fatlaðs fólks þegar aðildarríki vinna að undirbúningi löggjafar og stefnu eða vinna að ákvörðunum er tengjast hagsmunum fatlaðs fólks.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu.


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður Öryrkjabandalags Íslands

Afrit:

Forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir.